Stjórnarfundur
29. júní 2026

Mætt: Pétur Thomsen, Anna Rún, Helga Óskars, Haraldur K, Ásdís Spanó, Júlía M.

Skipholt 37
Gömul lokaúttekt brunavarna sem hefur ekki verið kláruð frá 2023.
Gerðar eru kröfur á lokaúttekt út frá gömlum forsendum þegar HÍ notaði húsið fyrir kennslu.
Fjársýslan að reyna að finna hvað hún getur gert.
Arna Kristín Einarsdóttir, Hildur Jörundsdóttir og Tinna Guðmunds vissu ekki af öllum atriðum skv. fundi með Önnu Rún.

Fundur ákveðinn 19. Ágúst með Loga Einarssyni ráðherra.
Fundurinn krefst undirbúnings. Hugmyndir um möguleika og útfærslur vinnustofu umhverfisins rædd.
Staðan: ennþá lokað og engar upplýsingar um hvenær lokaúttekt fer fram.

Gestavinnustofa
Habbý Ósk ráðin og tekin til starfa
Þarf að ákveða hvernig úrvinnsla umsókna verði háttað fyrir lok ágúst

Rekstrarfélag
Formaður mun eiga samtal við Ingibjörgu.

Velt upp hvort taka eigi upp aldursmörk á starfsfólk í sérfræði og stjórnunarstörfum hjá SÍM.

Starfslýsingar
Formaður fór yfir starfslýsingar, og finnst eðlilegt að verkefnastjórar kæmu inn reglulega fyrir stjórn.
Starfslýsing formanns þarfnast lögfræðilegs álits.
Starfslýsing verkefnastjóra residensíu
Starfslýsing verkefnastjóra rekstrarfélags Samningur
formanns lagðir fram til samþykktar
uppsagnarsamningur – lesin upp
Samþykkt með breytingum

Trúnaðarmaður
Haft verður samband við Erling T. Klingenberg

Fulltrúaráð
Formaður upplýsti um valið í fulltrúaráðið, formaður tók ekki þátt í valinu.
Í fulltrúaráði sitja: Anna Rún Tryggvadóttir, Ásdís Spanó, Ósk Vilhjálms, Logi Höskuldsson, Egill Sæbjörnsson.

Félagsfundir
Félagsfundur um nýjar samkeppnisreglur haldinn í lok ágúst. Fyrir fundinn verður haft samband við þá sem hafa tekið þátt í samkeppnum á undanförnum árum til að taka þátt í samtalinu og fá lögfræðing með á fundinn.

Stefnt að félagsfundi fyrir listamenn á landsbyggðinni í lok október.
Hugmynd að félagsfundi um það hvernig við skipum í nefndir og ráð. Fá fundarstjóra að þessum fundi. T.d. Halla Helgadóttir hjá hönnunarmiðstöð. Hún hefur tekið vel til í þessum málum hjá miðstöðinni.
Ræða þarf hvar er mikilvægt að myndlistarmenn sitji í nefndum, hvar er í lagi að aðrir en myndlistarmenn sitji í nefndum. Hvernig förum við að því að skipa í nefndir, hvernig gætum við að armslengd, og því að sömu aðilar sitji ekki í of mörgum nefndum samtímis

Safnstjórafundur
Fundur með safnstjórum verður haldinn 15. september – Við borgum listamönnum

Vinnufundur
Laugardagurinn 22 ágúst tekinn frá fyrir vinnufund stjórnar. Farið í stefnumótun.

Önnur mál
Stefnuyfirlýsingu vantar á heimasíðuna. Gott að hafa opinbert útávið.
Greiningarvinna Haraldar verður lögð inn í vinnufund stjórnar í ágúst.